

Tollskrárnúmer	Vörutegund	Gjald- eining	Vörugjald í kr.
17.04	Sykurvörur sem kakaó er ekki í:		
01	Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur	1 kg	45,60
03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur, ót. a.	1 kg	45,60
04	Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað	1 kg	45,60
05	Karamellur	1 kg	45,60
06	Vörur úr gúmmí arabikum	1 kg	45,60
09	Aðrar	1 kg	45,60
18.06	Súkkulaði og aðrar neysluvörur sem í er kakaó:		
úr 04	Suðusúkkulaði í stöngum og plötum, þ. e. súkkulaði sem í eru einungis kakaóbaunir, sykur og ekki yfir 30% af kakaósmjöri, í smásöluumbúðum 100 g og stærri	1 kg	20,80
úr 04	Annað	1 kg	45,60
05	Annað súkkulaði í stöngum og plötum, ófyllt	1 kg	45,60
06	Fyllt súkkulaði, súkkulaðihúðað sælgæti, þar með talið konfekt	1 kg	45,60
úr 09	Súkkulaðiís og ís húðaður með súkkulaði		0,00
úr 09	Annars	1 kg	45,60
22.01	Vatn, ölkelduvatn og vatn með kolsýru; ís og snjór:		
01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru	1 l	17,00
22.02	Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi er telst til nr. 22.07:		
01	Gosdrykkir	1 l	16,00
09	Annað	1 l	16,00
22.03	Öl gert úr malti:		
01	Maltöl og annað yfirgerjað öl, sem inniheldur minnst 8% af maltextrakti og minna en 2% af alkóhóli miðað við rúmmál	1 l	14,00
09	Annað	1 l	17,00

2. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða framlag til Styrktarsjóðs vangefinna er nemur 10 kr. af hverjum lítra innlendar framleiðslu sem fellur undir tollskrárnúmer 22.01.01, 22.02.01, 22.02.09, 22.03.01 og 22.03.09. Sjóðurinn er í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

Framlagi ríkissjóðs skal varið til að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978 og gilda til 31. desember 1978.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Styrktarsjóður vangefinna var stofnaður með lögum nr. 43/1958, um aðstoð við vangefið fólk. Sjóðurinn er í vörslu félagsmálaráðuneytisins og er það hlutverk hans að standa straum af kostnaði við að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk.

Tekjur sjóðsins hafa frá upphafi verið ákveðið gjald sem lagt hefur verið á gosdrykki og öl sem framleitt er hér á landi. Fyrstu fimm árin var þetta gjald 10 aurar á hverja flösku gosdrykkja og öls sem seld var eða afhent. Árið 1962 var þetta svonefnda tappagjald hækkað í 30 aura og árið 1966 var það hækkað í 60 aura. Var þá jafnframt ákveðið að fjórðungur þess skyldi renna til Hjartaverndar.

Lögin um aðstoð við vangefið fólk voru síðan afnumin með lögum nr. 97/1971 um vörugjald. Með ákvæðum 12. gr. þeirra laga voru Styrktarsjóði vangefinna tryggðar tekjur með gjaldi af gosdrykkjum og öli til loka júní 1976 og nam þetta gjald 1,95 kr. af hverjum lítra. Með lögum nr. 118/1976 var framlagið hækkað í 7 kr. af hverjum lítra og skyldi það haldast til ársloka 1977. Tekjur sjóðsins af þessu gjaldi námu 31,8 m.kr. á s. l. ári og í þessa árs fjárlögum er gert ráð fyrir framlagi til sjóðsins að fjárhæð 105 m.kr.

Með frumvarpi þessu er lagt til að gjald af öli, gosdrykkjum og hvers konar svaladrykkjum, er falla undir tollskrárnúmer sem um ræðir í 2. gr., hækki um 7 kr. frá því sem nú er. Framlag til Styrktarsjóðs vangefinna nemi 10 kr. af hverjum lítra en hinn hluti gjaldsins renni óskiptur til ríkissjóðs. Tekjuauki vegna hækkunar gjaldsins mun nema um 105 m.kr., þar af munu um 45 m.kr. renna til Styrktarsjóðs vangefinna.